



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 19. júní 2025
USK23050170

TILLAGA

Tillaga – Safnstæði við Gömlu Hringbraut ofan við BSÍ

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna gerð safnstæðis hópþíla við Gömlu Hringbraut ofan við BSÍ og færslu safnstæðis frá Hallgrímskirkju þangað í samræmi við meðfylgjandi forhönnun. Safnstæði við Hallgrímskirkju sé aflagt samhliða.

Greinargerð:

Frá árinu 2017 hefur verið skilgreint bannsvæði fyrir akstur hópþíla í miðborginni og ákveðnar akstursleiðir fyrir hópferðabíla. Þetta var gert til að koma í veg fyrir að hópferðabílar keyrðu minni íbúagötur. Samhliða voru skilgreind ákveðin sleppistæði, um 15 talsins víðs vegar um miðborgina. Á þessum tíma hefur kerfið lítillega verið aðlagð, bætt við nýjum sleppistæðum og önnur dottið út. Í flestum tilvikum hefur þetta kerfi gefist vel og líklega vilja fæstir hverfa aftur til tímans fyrir 2017. Þó hefur ekki verið sátt um rútustæðið við Hallgrímskirkju enda hefur umferð hópferðabíla um það stæði verið langtum meiri en gert var ráð fyrir þegar stæðið var skilgreint í upphafi. Íbúasamtök miðborgar, leik- og grunnskólar á svæðinu o.fl. hafa kallað hástöfum eftir því að stæðinu verði fundin annar staður og ráðist var í viðtækt samráð og greiningar vegna þess.

Með hliðsjón að samráði við hagaðila sem Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins hélt utan um, niðurstöðu greiningar Verkís hf., mats á staðsetningu rútustæða í miðborg Reykjavíkur og könnun Maskínu hf. fyrir Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um hópferðabíla frá september 2024, þá er lagt til að útbúið sé safnstæði við Gömlu Hringbraut ofan BSÍ í stað stæðis við Hallgrímskirkju. Stæðið við BSÍ náði til fleiri gistirýma innan 400 m rás heldur en aðrir valkostir sem safnstæði.

Safnstæði á þessum tiltekna stað hefði það líka í för með sér að vegalengdirnar frá þeim gististöðum sem féllu utan 400 m rás í næsta safnstæði yrði styttri með stæði við Gömlu Hringbraut ofan BSÍ.

Tillagan gerir ráð fyrir að nýta svæði sem undanfarin ár hefur verið nýtt sem bílastæði fyrir starfsfólk Landsspítalans í tengslum við framkvæmdir við nýjan Landsspítala. Ekki er lengur þörf fyrir þau bílastæði þar sem verið er að taka nýtt bílahús í notkun við spítalann.

Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag sé tímabundið þar til farið verður í framkvæmdir á BSÍ reit eða tekin verður í notkun miðlæg umferðarmiðstöð hópþíla.


Virðingarfyllst,
Grétar Mar Hreggviðsson
verkefnastjóri



Reykjavík



Hjálagt: Teikningar af fyrirhuguðum framkvæmdum, minnisblað verkefnastjóra, minnisblaði frá Verkís hf. og könnun frá Maskínu hf. um hópferðabifreiðar við Hallgrímskirkju.



Stærðir:
Fjöldi HB stæða: 4
Fjöldi B stæða: 3
Stærð biðsvæðis um 95 m²
Heildar stærð svæðis um 2670 m²

SKÝRINGAR:

	Biðsvæði		Kantsteinn
	Göngustígur		Yfirborðsmerking fyrir gangandi farþega
	Gróður		Yfirborðsmerkingar
	Malbik		

Hnitakerfi ISN93
Hæðarkerfi Reykjavíkur

DRÖG
2025-06-02 12:35

1:200

0 10 20 m

VERKÍS www.verkis.is - sími: 422 8000

SAMÞYKKT:

1	2025-05-07	FORHÖNNUN	HaRG HaRG KEP
ÚTG	DAGS	SKÝRINGAR	TEIK HANN RÝNT SAMÞ
VERKFANG	05110	TEIKNING	108.C71.B 1

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411 1111

Rútustæði Gamla Hringbraut
Rútustæði
Yfirlitsmynd

Mkv:	1:200	Stærð:	A2	Teikn. nr.:	Útg.:
Dags:	2025-05-07			B006	1

**Viðtakandi:**

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar

Sendandi:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Reykjavík, 16. júní 2025

USK25010001

MINNISBLAÐ**Inngangur**

Árið 2017 tekið upp kerfi rútustæða í miðborginni til að koma málum í betra horf. Í aðdragandanum var lagt í töluverða vinnu við að skilgreina akstursleiðir og stoppistöðvar fyrir hópferðabíla í miðborginni. Þar átti borgin mjög gott samstarf við Samtök ferðapjónustunnar (SAF), Íbúasamtök miðborgarinnar og fleiri aðila sem komu með mjög góð og gagnleg innlegg í umræðuna. Til varð samkomulag sem aðilar féllust og þó það væri ekki fullkomið gekk það vel lengi framan af, eða þar til Covid19 setti allt á hliðina og hópferðabílar hurfu mikið til úr umferðinni. Sem betur fer var ferðapjónustan fljót að ná vopnum sínum aftur eftir Covid niðursveifluna, en bataleiðin var hins vegar ekki alveg sársaukalaus. Snemma árs 2023 var staðan orðin þannig að á álagstímum mynduðust oft talsverðar raðir á rútustoppunum, og sum rútustopp hreinlega komin að þolmörkum. Því var sett í gang vinna við að skoða um hvort einhver önnur staðsetning stæða hentaði betur og hvernig mætti bæta þetta fyrirkomuleg með hagsmuni sem flestra að leiðarljósi.

Þær raddir voru orðnar háværarar sem sögðu að ferðapjónustubílar væru ekki að virða það samkomulag sem gert var árið 2017 eða að þeim væri það ómögulegt vegna þrengsla. Því var farið í það að skoða hvað gera mætti við útfærsluna frá 2017 til að bæta stöðuna. Það var með öðrum orðum ekki tilgangurinn að leita sökudólga heldur miklu frekar að leita lausna sem gæti hentað sem flestum. Reynt var að ná til sem flestra hagsmunaaðila og leitað eftir tillögum til úrbóta.

Forsaga nýrrar greiningar

Fyrsti fundurinn í þessari vinnu var haldin 18. janúar 2023 og tilgangur hans er að setjast niður og fara yfir þælingar um vinnu í tengslum við atvinnuumferð í miðborginni þ.e. takmörkun á rútuumferð og stærri bílum sem og akstursleiðir og stæði fyrir leigubíla og vörulosun og aðlögun að breytingum sem óhjákvæmilegar eru vegna borgarlínunnar. Fundurinn var sammála um að fyrri vinna frá 2017 væri ákveðin fyrirmynd í aðferðarfræði og samráði og því var lögð áhersla á gott samtal við hagaðila. Bent var á að aldrei væri hægt að gera öllum til hæfis og mikilvægt væri að vera undir það búinn. Góð umræða var á fundinum og vilji til að skoða málið nánar.

**Reykjavík**



Ákveðið var að USK skyldi vinna greiningar og tillögur að útfærslum í kjölfar fundar og funda með einstökum hagaðilum til frekar samráðs og samtals eftir þörfum. Jafnframt var ákveðið að bjóða hagaðilum til fundar sem fyrst, með starfsfólki og formanni ráðsins og lagðar voru línur fyrir hvaða gögnum þyrfti að vera búið að afla fyrir fundinn. Lýst var þeim fyrirséðu áskorunum sem lágu fyrir, en hjá fundarfólki kom fram ríkur vilji til að takmarka umferð rúta meira en í dag, ekki síst vegna alvarleika þeirra kvartana sem höfðu borist. Engu að síður voru allir sammála um að mikilvægt væri að fá fram sjónarmið allra hagaðila.

Þann 28. mars 2023 var svo haldin fundur í Borgartúni 12 með hagsmunaaðilum þar sem umræðuefnið var akstur hópferðabifreiða í miðborginni. Þáverandi formaður umhverfis- og skipulagsráðs opnaði fundinn og stiklaði á stóru um efni og tilgang fundarins; rútur, vöruflutninga og aðföng, leigubílar. Velti hún upp spurningum eins og hvar viljum við koma upp safnstæðum og hverjar eru væntingar, með áherslu á hvernig hægt væri að bæta umferðaröryggi. Ekki sé hægt að loka augum fyrir því að fólk hafi áhyggjur af umferð hópferðabíla hjá Hallgrímskirkju. Því ekki væri æskilegt að vera með stórar bifreiðar í miðborginni. Hvernig má tryggja umferðaröryggi, sér í lagi barna og gangandi fólks en að sama skapi að aðgengi fyrir rekstraraðila sé sem best? Undirstrikaði hún mikilvægi þess að málið yrði skoðað af yfirvegum.

Deildarstjóri á skrifstofu samgangna og borgarhönnunar hjá Reykjavíkurborg fór yfir stöðu á akstursleiðum og safnstæðum fyrir hópferðabíla í miðborginni. Fór hann einnig yfir þróunina og hvernig staðan var fyrir árið 2016 áður en reglurnar um akstursbannsvæðin voru sett. Staðan þá hafi nefnilega verið mjög slæm þá, í raun hálfgerð frumskógarlög máli í gildi, staðan sé þrátt fyrir allt skárri í dag og mikilvægt sé í þessari umræðu að halda því til haga.

Að því loknu voru umræður um hvernig bæta megi núverandi fyrirkomulag. Mjög margar og góðar tillögur komu fram og kunnum við þátttakendum bestu þakkir fyrir að taka þátt í þessum umræðum. Allir hópar létu þess getið að jákvætt væri að samráð milli hagsmunaaðila ætti sér stað. Fundargestir voru jafnframt sammála um að gott sé að skipulagt sé akstursbann hópþifreiða í miðborginni. Frá sjónarhóli ferðamanna sé rútustæðakerfið svona heilt yfir í lagi þó vissulega séu annmarkar. Einnig kom fram að nokkuð gott jafnræði væri milli rekstraraðila í hópþílaakstri, sem er jákvæð breyting frá fyrri vinnu 2016. Annað sem fólk vildi koma á framfæri var að það sem öllu máli skiptir er að tryggja öryggi vegfarenda, og þar ekki síst skólabarna sem eru gjarnan á leið til skóla á háannatíma hópferðabíla. Jafnframt að minni hópferðabílarnir séu minna inni í hverfunum heldur en áður var.

Listinn yfir hvað má bæta var, eins og búast mátti við, talsvert lengri en hinn. Engu að síður voru þetta allt mjög góð og uppbyggileg atriði sem frábært er að hafa til grundvallar í framhaldinu. Nefnt var að stækka mætti sleppistæðið við Safnahúsið. Einnig mætti bæta aðgengi að Ægisgarði og hvalabryggju en þar sé erfitt að komast að. Einnig mætti bæta sleppistæði fyrir leigubíla. Tillaga kom fram um að aðgreina ætti í meira mæli hótellakstur





og almennan akstur (líkt og í útsýnisferðir og slíkt) og leysa akstur að hótélum með minni bílum. Stækka ætti akstursbannsvæðið og taka út m.a. Hallgrímskirkjustæðið (færa á t.a.m. BSÍ). Einnig að sinna mætti akstri milli BSÍ og Skólavörðuholtssins með rafmagnsrútum á skilgreindum leiðum. Stækka þurfi Skúlagötustæðið og gera stórt hópílastæði fyrir 10-15 bíla á Miðbakkanum.

Allir hóparnir voru sammála um nauðsyn þess að stækka skilgreint akstursbannsvæði og skilgreina akstursleiðir betur, þó þeir vildu ganga mislangt í því. Fram komu hugmyndir um að stækka það til vesturs þannig ekið yrði um Ánanaust og Hringbraut. Eða setja akstursbann á allt svæðið vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar/Miklubrautar en hafa skilgreinda akstursása fyrir hópferðabíla með biðstæðum.

Fram kom að taka skuli tillit til allra hagsmunaaðila en íbúar eigi þó að vera í fyrsta sæti.

Umræður á fundinum voru góðar og uppbyggilegar og mun skrifstofan vinna frekar með umræðupunkta, spurningar og svör sem þar komu fram. Reynt verður að leita liðsinnis fundargesta við frekari úrvinnslu eftir því sem henta þykir. Í fundargerð þessa fundar má lesa um fleiri tillögur sem fram komu á fundinum.

12. maí barst póstur frá SAF þar sem fram kom að þeim fyndist margt ábótavant í áðurnefndum punktum fundargerðar og óskuðu eftir sérstökum fundi þar sem fulltrúar ferðapjónustufyrirtækja gætu komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Sá fundur var haldin 22. maí að Borgartúni 35 í húsakynnum SAF og gekk hann ljómandi vel.

Vorið 2023 fór fram talsverð greiningarvinna innanhúss hjá borginni varðandi rútustæðin og akstursbannsvæðin þar sem allt svæðið var til skoðunar. Til stóð bæði að stækka akstursbannsvæðið til vesturs og jafnframt að taka Skólavörðuholtið til endurskoðunar. Málið reyndist umfangsmeira en talið var í fyrstu og því var aðgerðum skipt í tvennt. Ljóst var að breytingar á stæðamálum á Skólavörðuholtinu þyrftu nánari skoðun og greiningar áður en hægt væri að grípa til aðgerða þar. Því var byrjað var á stækkun akstursbannsvæðisins til vesturs og var það framlengt vestur að Ánanaustum.

Aukið ákall íbúa um aðgerðir

Þann 23. nóv. 2023 fór fulltrúi skrifstofu samgöngustjóra fyrir fund íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til að ræða rútustæðið við Hallgrímskirkju. Mikið ákall var eftir úrbótum í umferð hópferðabíla á Skólavörðuholti og að sögn íbúaráðs væru íbúar orðnir langþreyttir á þessu máli og fyndist lítið hafa gerst frá samráðsfundinum síðasta vetur. Vissulega hafi akstursbannsvæðið verið stækkað til vesturs í millitíðinni en Íbúaráðið gagnrýndi sérstaklega að það skuli hafa verið það sem talið var mest aðkallandi að gera. Á Skólavörðuholtinu sé skóli og leikskóli (bráðum tveir leikskólar) og mikill fjöldi gangandi fólks. Það fari einfaldlega ekki saman að hafa þarna mikinn fjölda af rútum innan um gangandi vegfarendur. Íbúaráðið lagði þunga áherslu á að Snorrabraut og Gamla-Hringbraut skuli verða skilgreind sem mörk akstursbannsvæðisins. Það hafi verið ágætis tilraun á sínum tíma að staðsetja rútustæði þarna en nú væri bara komið í ljós að þetta gengi ekki upp.





Í framhaldi af fundinum í desember 2023 var ákveðið að gera greiningu hliðstæða þeirri sem gerð var árið 2017. Þá voru kortlagðir gististaðir í miðborginni og reiknaðar út gönguvegalengdir í rútustæðin. Tillögu að staðsetningum rútustæða var stillt upp, þar sem reynt var að lágmarka gönguvegalengd fyrir sem flesta. Sú greining var einn helsti grundvöllurinn fyrir staðsetningu rútustæðanna á sínum tíma.

Síðan árið 2017 hefur orðið talsverð breyting í staðsetningu gistirýma, sem dæmi hafa bæst við allmörg hótél í Kvosinni þannig líklegt má telja að þungamiðja gistirýma hafi færst eitthvað til og því var ákveðið að gera sambærilega greiningu aftur.

Í janúar 2024 var verkfræðistofan Verkís fengin til að gera þessa greiningu, með áherslu á Hallgrímskirkju. Verkefni ráðgjafa fólst m.a. í að hnitsetja gistirými og heimagistingar, skoða gönguradíusa, meta hversu vel rútustæði væru tengd gististöðum m.t.t. gönguvegalengda og koma með tillögur að mögulegum rútustæðum, sér í lagi nýrri staðsetningu stæðisins við Hallgrímskirkju. Ekki var ætlunin á þessu stigi að fara í nánari útfærslur á stæðunum, enda ekki er verið að hanna rútustæði heldur fyrst og fremst að skoða landfræðilegar staðsetningar.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins kemur til skjalanna

Vorið 2024 var Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins fengin til að halda utan um og leiða umræður um Hallgrímskirkju sem áfangastað enda rútumálin stór þáttur af þeirri umræðu. Fyrsti fundurinn í þeirri vinnu var haldin 2. maí og á fundinn voru boðaðir fulltrúar frá íbúasamtökum miðborgar Reykjavíkur, íbúaráði Miðborgar og Hlíða, Reykjavíkurborg, Samtökum ferðapjónustunnar, Austurbæjarskóla, leikskólanum Grænaborg, Hallgrímskirkju, Ásmundarsal, Listasafni Einars Jónssonar og Tækniskólanum. Fundurinn var nokkurs konar hagaðilafundur um þróun, væntingar, framtíðarplön og ólík sjónarmið um áfangastaðinn. Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins stýrði fundi og hélt stutta tölu um fundarefnið en auk hennar töluðu fulltrúar frá skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkur um stöðuna við Hallgrímskirkju og fulltrúi stjórnar Hallgrímskirkju fór yfir stöðuna frá þeirra bæjardryrum. Að því loknu voru stuttar kynningar hverjum hagaðilahópi og málin rædd. Kom þar fram að Hallgrímskirkja er einn stærsti viðkomustaður ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu og meðal ferðamannastaða ber hann höfuð og herðar yfir aðra staði í fjölda myllumerkjanna á samfélagsmiðlum.

Í máli fulltrúa samgöngustjóra kom m.a. fram að umferðartalningar sem gerðar hafa verið á Skólavörðuholtinu sýna að flestar rútur fara um Skólavörðuholtið milli kl. 8.00 og 10.00, og mörg dæmi um allt upp í sjö rútur þar á sama tíma. Á sama tíma eru börn á leið í leikskóla og skóla og fólk fer í vinnu og því mikið af fólki á ferðinni. Út frá umferðaröryggi fer þetta mjög illa saman. Greiningar benda til að stæðið við Hallgrímskirkju þjóni í mun meira mæli sem þjónustustæði fyrir útsýnisferðir heldur en að þjónusta kirkjuna eða gististaði í nágrenni kirkjunnar. Greining Verkís lagði til stækkun á bannsvæðinu til austurs að Snorrabraut og útfært yrði nýtt rútustæði annað hvort við Snorrabraut eða Gömlu-Hringbraut.





Hjá íbúasamtökum Miðborgar og Hlíða kom fram að svæðið við Hallgrímskirkju skæri sig úr sambærilegum svæðum í öðrum borgum í fjölda bílastæða kringum kirkjuna, en í erlendum borgum hefðu slík stæði verið fjarlægð fyrir löngu. Umferðin sé málefni sem allir íbúar séu sammála um og enginn vilji hafa rúturnar á svæðinu. Þetta sé hins vegar eina málið meðal íbúa sem ríki fullkomin sátt um. Samkvæmt Samtökum ferðaþjónustunnar er hlutverk rúta á Skólavörðuholtinu margþætt; sumar séu að sækja og/eða skila af sér gestum meðan aðrar staldri við á svæðinu. Vildi SAF leggja áherslu á að afkastageta rúta sé meiri en einkabíla og með því að vera með rútur sé hægt að fækka einkabílum á ferðinni. Ef umferð hópferðabíla yrði bönnuð á svæðinu myndu ferðamenn taka leigubíla eða bílaleigubíla til að komast á svæðið.

Leikskólinn Grænaborg hefur miklar áhyggjur af öryggi barna og gangandi fólks á svæðinu. Rútur stoppi lengi í rúrustæðinu sem valdi því að oft myndist langar raðir. Það leiði svo til þess að rútur leggja á Eiríksgötunni (beggja vegna) sem skapi hættu. Oft leggi þær í stæðinu beint fyrir framan leikskólann, gangi þar í hægagandi og pústi inn um glugga leikskólans. Að sögn Austurbæjarskóla og foreldraráðs væri gott að losna við rúturnar, þær skapi ófrið, óþægindi og hættu.

Fundurinn var sammála um um að vilja bæði íbúa og ferðamenn á svæðinu og staðurinn eigi að vera aðlaðandi fyrir alla. Það vanti hins vegar betra skipulag, umferð stórra bíla sé of mikil og öryggi gangandi þurfi að vera betra. Fundurinn var ósammála um um stækkun grænna svæða og fækkun bílastæða. Einnig var hópurninn ósammála um útfærslur á bannsvæði og hvaða umferð skuli vera leyfileg á holtinu. Niðurstaða fundarins var að sköpuð verði heildarsýn fyrir svæðið og hún verði mótuð nánar með samráðsferli í framhaldi og gerð verði þarfagreining til að skoða þarfir ólíkra hópa. Að greining verði gerð á umferð hópaferðabíla með það fyrir augum hvort ekki megi stýra betur álaginu, að slyshætta verði minnkuð og umhverfið gert öruggara.

Næsti fundur fór fram þann 18. júní í Hallgrímskirkju. Markmið fundarins var að ræða frekar stöðuna á hópþifreiðum á svæðinu ásamt því að fá frekari kynningu á skýrslu Verkís um tillögur er varða rúrustopp á áfangastaðnum.

Skrifstofa samgöngustjóra Reykjavíkurborgar fór yfir þróun á svæðinu og hvernig kom til þess að skýrslan frá Verkís var unnin og að hún væri greining út frá núverandi og fyrirbyggjandi gögnum. Minnt var á að í upphafi (2017) hafi viðmiðið fyrir stæðið verið að 2 rútur gætu stoppað þarna á sama tíma en raunveruleikinn væri að allt að 7 rútur stoppuðu á svæðinu á sama tíma. Á sama tíma eru börn á leið í skóla og leikskóla. Jafnframt var sagt frá því að íbúaráð Miðborgar og Hlíð hefði lagði inn ályktun að bannsvæði yrði stækkað væri það samhljóða greiningu Verkís.

Verkís fór yfir sína greiningu, sem byggir á tölulegum gögnum, þ.e. staðsetningu gististaða, talningum á rúrustæðunum, staðsetningum núverandi safnstæða, afmörkun á bannsvæðinu eins og það var þá skilgreint. Þéttleiki gistirými er mestur í Kvosinni og dreifist eftir Hverfisgötu og Laugarvegi og austur að Túnunum. Ef horft er á núverandi stöðu og 200 m radíus (sem er þriggja mínútna ganga) þá er dekkun gististaða 59%, en 97% ef miðað við 400 m göngufjarlægð (5 mínútna ganga). Þau rúrustæði sem flestar rútur



stoppa við eru samkvæmt talningum Höfðatorg, Snorrabraut og Safnahús. Þar á eftir kemur Hallgrímskirkja, sem raunar sker sig aðeins úr af ýmsum ástæðum. Ef stæðið við Hallgrímskirkju yrði lagt niður þá þarf að finna nýju stæði annan stað. Lagðar voru fram 3 sviðsmyndir í þessa veru.

Sviðsmynd 1: **Snorrabraut**

92% dekkun gististaða miðað við 400 m hámarks gönguvegalengd

Sviðsmynd 2: **Gamla-Hringbraut**

94% dekkun gististaða miðað við 400 m hámarks gönguvegalengd.

Sviðsmynd 3: **Gamla-Hringbraut og Snorrabraut**

94% dekkun gististaða miðað við 400 m hámarks gönguvegalengd

SAF fór yfir málið frá sínum bæjardyrum séð og nefndi að þjónustan sem hópferðafyrirtækin bjóða væri hluti af almenningssamgöngum og væri öruggur ferðamáti. Miðað við tillögu Verkís mætti gera ráð fyrir því að umferðin færðist yfir á aðra ferðamáta, t.d. leigubíla og smærri hópaferðabíla þannig að ökutækjum á götunni myndi fjölga. SAF fannst því þessi tillaga ganga gegn stefnu Reykjavíkurborgar. Að þeirra mati væri vænlegra að setja á takmarkanir fyrir einkabíla, nagladekkjabann o.fl. í þá áttina, auk þess sem hópferðabifreiðar væru ekki að valda slysum. Hallgrímskirkja hafi mikið aðdráttarafl, t.d. séu skipadagar álagspunktur og margir komist ekki fótgangandi. Hins vegar geti allir verið sammála um að sjö rútur á sama tíma gangi ekki upp.

Góðar umræður sköpuðust um stæðið, t.d. kom fram að stæðið við Hallgrímskirkju er með fjölbreyttari notkun en mörg önnur sleppistæði í miðborginni. Kirkjan er ekki opin á tímabilinu 08.00-10.00 þegar mesta álagið er á stæðinu. Það er þá væntanlega að langmestu leyti verið að sækja fólk í skoðunarferðir. Einnig er nokkuð álag á kvöldin, líklega norðurljósaferðir, og þá er búið að loka kirkjunni.

Hægt er að vinna meira með fyrirtækjunum að því að stýra umferðinni á staðnum. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir að rútur myndu stoppa lengur en 5 mínútur.

Ýmsar leiðir voru ræddar, t.d. hvort hægt væri að hafa þetta sleppistæði og svo færu rúturnar og biðu annars staðar? Eða hvort hægt væri að hugsa þetta bara fyrir áfangastaðinn en ekki sem sleppistæði fyrir þá sem eru á leið í gistingu eða ferðir. Væri hægt að hafa sleppistæði annars staðar fyrir þá sem eru að fara í ferðir og fara að gististöðunum sínum? T.d. á Snorrabrautinni eða BSÍ?

Fundinum kom saman um að skoða kosti sleppistæða við Gömlu-Hringbraut og/eða Snorrabraut en áfram verði hægt að stoppa með farþega í skoðunarferðir að kirkjunni. Auk þess að loka rútustæðinu til kl. 10:00 meðan börn eru á leið í skóla/leikskóla. Að auki var ákveðið á fundinum að gerð yrði könnun á því hvernig stæðið er í raun nýtt í dag, þ.e. hvaða hópifreiðar eru þarna og í hvaða tilgangi. Greiningin væri innlegg inn í frekari vinnu og hægt væri að nota hana til þess að skoða hvaða útfærslur væru í boði. Fyrr en slík greining liggur fyrir er lítið hægt að fullyrða um. Í framhaldi þessa fundar var Maskína fengin til að gera ítarlega könnuna á umfangi og eðli umferðar hópferðabifreiða við Hallgrímskirkju.



Reykjavík



Þann 15. október var svo annar fundur með hagaðilum í framhaldi af fundinum þann 18. júní. Þar kynnti Maskína ítarlega skýrslu sína um úttekt sína á umferð hópferðabíla um Skólavörðuholtið. Var farið yfir aðferðarfræði könnunar; taldar voru rútur sem stöðvuðu á rútustæðinu og gert mat á stærð bifreiða og farþegafjölda. Könnun var bæði framkvæmd með mati spyrta á aðstæðum og með því að fá svör frá bílstjórum. Einnig voru taldar rútur sem stöðvuðu á Eiríksgötu og á stæðinu við leikskólann Grænuborg. Könnunin staðfesti fyrr talningar um að umferðin væri mest snemma á morgnana, einkum á virkum dögum.

Könnunin leiddi í ljós að um 20% farþega koma til að skoða Hallgrímskirkju. langalgengasta ástæðan fyrir því að rútur koma inn á svæðið er til sækja/skila fólki, óháð því hvort skemmtiferðaskip eru í höfn eða ekki. Stæðið við Hallgrímskirkju eru því einkum notuð til að ferja farþega inn á svæðið og sækja farþega í dagsferðir.

Áður en könnunin var framkvæmd voru ákveðnar áhyggjur af því að margir ferðamenn sem ættu erfitt með gang kæmust ekki að kirkjunni ef umferð hópferðabifreiða yrði hindruð. Niðurstöður könnunarinnar sýna að þetta vandamál er nánast ekki til staðar.

Stórar rútur (48-69 farþega) voru um 24% allra hópferðabíla sem komu inn á svæðið á tímabilinu. Um 90% þeirra lagði fyrir framan leikskólann Grænuborg, eða að meðaltali tíu rútur á dag. Það var jafnframt sá flokkur rúta sem stoppaði lengst, eða lengur en 30 mínútur.

Ríflega 63% ferða voru til að sækja eða skila farþegum í dagsferðir, 12% ferða voru vegna lestunar/losunar farþega í tengslum við flug en 21% hafði að gera með lestun/losun farþega í skoðunarferðir um Hallgrímskirkju. Rétt rúmur fimmtungur ferða átti því erindi við Hallgrímskirkju. Aðrar ferðir voru sækja/skutla ferðir sem vel gætu notað önnur sleppistæði. Auk þess hafði fjöldi skemmtiskipa í höfn engin merkjanleg áhrif á þessar tölur.

Á fundinum var ákveðið að stæðið við kirkjuna yrði tekið út úr númerakerfi rútustæða til reynslu. Notkun stæðisins verði einnig bundin opnunartíma kirkjunnar þannig að einungis megi stoppa þar eftir kl. 10.00 á morgnanna. Þessi breyting skyldi taka gildi 1. desember 2024 og gilda í þrjá mánuði til reynslu.

Í framhaldi var farið í skoðun á því hvað þyrfti að gera, í samráði við SAF, og fljótlega kom á daginn að 1. des væri fullbratt fyrir þessa breytingu. Ákveðið var að miða við 1. febrúar 2025 og stillt var upp eftirfarandi áætlun:

- Reykjavíkurborg hefur staðfest að útbúið verði nýtt safnstæði við Gömlu-Hringbraut sem opnað verður sumarið/haust 2025
- Forhönnun stæðisins er lokið og verkhönnun að fara af stað
- Rútustæðið við Hallgrímskirkju verður felld út þegar hið nýja stæði verður klárt
- Áfram verður heimilt að aka að Hallgrímskirkju með farþega sem ætla að skoða kirkjuna
- HopOn-HopOff hefur áfram heimild til að aka um Skólavörðuholtið og hleypa gestum inn/út við Hallgrímskirkju



- Benda þarf ferðafólki og ferðaþjónustunni á önnur safnstæði í nágrenni Hallgrímskirkju

Til stóð að hafa fund 3. desember 2024 með öllum hagaðilum sem komið höfðu að málum en honum var aflýst þar til frekari greiningarvinnan hefði farið fram.

Ætlunin var síðan að ósk formanns borgarráðs og formanns umhverfis- og skipulagssviðs að SAF kæmi inn á sameiginlegan fund forsætisnefndar og umhverfis- og skipulagsráðs 11. desember en því var frestað því botninn var úr samkomulaginu.

Markaðsstofan var síðan í sambandi við SAF í lok árs 2024 um hvort það væri möguleiki að þeir myndu samt reyna að lágmarka umferð á svæðinu frá febrúar fyrst það yrði seinkun á ferlinu - en SAF taldi það of flókna upplýsingamiðlun og best sé að setja fram allar upplýsingar og breytingar á sama tíma. Af þessum sökum var talið ljóst að samráðinu væri sjálfhætt.

Lokaorð

Þó samvinnan við SAF hefði runnið sitt skeið á enda í lok árs 2024 hefur borgin haldið áfram með málið. Í ljósi þeirra greininga sem gerðar hafa verið var ákveðið að fara í gerð rúrustæðis við Gömlu-Hringbraut á svæði þar sem nú er starfsmannastæði fyrir LSH en mun losna sumarið 2025 þegar LSH tekur í notkun nýtt bílahús við Burknagötu. Forhönnun á stæðinu liggur fyrir og er verkhönnun næsta skref. Vonir standa til að hægt verði að koma nýju stæði í rekstur í lok sumars 2025. Samhliða mun Hallgrímskirkjustæðið falla út úr kerfi sleppistæða. Settar verða skorður á akstur hópferðabíla um Skólavörðuholtið þannig hann verði einungis heimill eftir kl. 10.00 á morgnanna og sé þannig bundin opnunartíma kirkjunnar.

Virðingarfyllt,
Grétar Mar Hreggviðsson
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar



Reykjavík

RÚTUBÍLASTÆÐI VIÐ GÖMLU HRINGBRAUT

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 05110
VERKHLUTI: 108
HÖFUNDUR: Hafþór Rúnar Guðmundsson
RÝNIR: Kristjana E. Pálsdóttir
DREIFING: Grétar Mar Hreggviðsson

DAGS.: 2025-5-28
NR.: 1
ÚTGÁFA: -


Efni: Forhönnun á nýjum rútubílastæðum við Gömlu Hringbraut

Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar óskaði eftir forhönnun rútustæða.

Verkefnið felst í forhönnun rútustæða við Gömlu-Hringbraut, á núverandi starfsmannabílastæði Landspítalans. Hámarka skal fjölda rútustæða eins og kostur er með hliðsjón af góðri nýtingu svæðisins og öryggi vegfarenda. Sérstök áhersla er lögð á öryggi gangandi vegfarenda. Stærð á biðsvæði skal hanna þannig að unnt verði að bæta þar við skýli síðar meir. Hönnun skal miðast við HB og B-ökutæki samkvæmt skilgreiningu Vegagerðarinnar og þarf að aðlaga aðkomu svæðisins í samræmi við það.

1 Núverandi ástand og val á svæði

Á því svæði sem til skoðunar er stendur nú starfsmannabílastæði Landspítalans. Stefnt er að því að breyta um það bil helmingi vesturhluta stæðisins í ný rútustæði, eins og sýnt er á mynd 1.



Mynd 1: Svæðið fyrir nýju rútustæðin er um helmingur af núverandi bílastæði meðfram Gömlu Hringbraut, svæðið smá sjá umlukið rauðum línur.

Svæðið er í dag að mestu malbikað með gróðureyjum í jöðrum og fyrir miðju. Nokkrir ljósastaurar eru til staðar og rennur vatnsfall inná mitt stæði í graseyju. Á norður hluta svæðisins, á milli bílastæðanna og göngustígsins eru há- og lágspennu línur. Þörf er á að skoða hvort þörf sé á að færa þær tímabundið á meðan framkvæmdir verða á svæðinu.




2 Hönnunarforsendur og upplýsingar

- Rúturnar verða að geta komist út á Gömlu Hringbraut frá rútustæðunum.
- Aðkoma að stæðinu skal vera frá Vatnsmýrarvegi.
- Skilgreina skal biðsvæði, hafa möguleika á að koma fyrir skýli síðar.
- Hönnunarökutæki skal vera HB skv. skilgreiningu Vegagerðarinnar. Einnig skal miða við akstursmáta B skv. skilgreiningu á hönnunarökutæki í borg.
- Tengingum Gömlu Hringbrautar á mótis við Smáragötu og við Fífilsgötu verður lokað. Því þarf tillagan að taka mið af því að rúturnar fari bæði inn og út á Gömlu Hringbraut um vestari gatnamótin við Vatnsmýrarveg, sjá mynd 2.
- Rútustæðin eiga að vera hönnuð á þann máta að rúturnar eiga ekki að þurfa að bakka til að komast út úr stæðunum.



Mynd 2: Tengingar við Gömlu Hringbraut á mótis við Smáragötu og við Fífilsgötu munu lokast, sýnt með rauðu x. Tillagan þarf að taka mið af því að rúturnar fara bæði inn og út á Gömlu Hringbraut um vestari gatnamótin, sýnt á myndinni með bláum örvum.

3 Tillaga að rútustæðum



Mynd 3: Tillaga að rútustæðum.




Tillaga að rútustæðunum má sjá á mynd 3. Heildar fjöldi HB stæða er 4 og B stæði eru 3. Stærð biðsvæðis er um $95 m^2$ og heildar stærð svæðis er um $2670 m^2$.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að rúturnar aki inn á svæðið frá suðri og út um norðausturhluta þess. Biðsvæðið er staðsett þannig að farþegar horfa beint á framenda rútnanna og geta gengið beina leið að þeim án þess að fara á bak við þær. Með þessari útfærslu er komið í veg fyrir að farþegar fari á bak við HB-rútur, sem stuðlar að auknu öryggi farþega á svæðinu. Biðsvæðið verður aðlagð núverandi göngustíg.

Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi göngustíg meðfram suðvesturhluta svæðisins verði lokað, en nýjum stíg verði bætt við á austur hlið svæðisins (sjá mynd 4). Með þessu móti þurfa gangandi vegfarendur ekki að þvera inn- og útkeyrslur rútnanna sem stuðlar að bættu umferðaröryggi þeirra.

„Brautarpallar“ við rútustæðin verða yfirborðsmálaðir. Er það gert til að halda sveigjanleika í tillögunni. Gert er ráð fyrir svæði beggja vegna rúta fyrir farþega til þess að þeir séu minna berskjaldaðir fyrir akandi umferð. Gönguleið frá biðsvæði að brautarpöllum verður einnig yfirborðsmerkt, lagt er til að hafa yfirborðsmerkingu með tákni fyrir gangandi farþega til að vekja athygli ökumanna.

Gert er ráð fyrir B stæðum fyrir minni rútur upp við biðsvæðið. Þau verða einnig yfirborðsmerkt. Einnig er gert ráð fyrir bannsvæði upp við stæðin til að auðvelda aðgengi bílstjóra að stæðunum. Ljóst er að möguleiki er á að rútur í B stæðum geti skert sjónlengdir, bæði fyrir gangandi vegfarendur á biðsvæði sem eru á leið á brautarpalla og eins ökumenn HB rúta. Hins vegar er gert ráð fyrir rólegri umferð á svæðinu og að allar HB rútur stöðvi við brautarpall.



Mynd 4: Leiðir fyrir gangandi og hjólandi á svæðinu er sýnt með ljósbláum. Lokaðar göngu- og hjólaleiðir sýndar með rauðum.


